



Niðurstöður/samantekt „klúbbþings“ Rótarýklúbbs Selfoss sem haldið var á Hótel Selfoss, þriðjudaginn 4.febrúar 2025 og hófst kl.17:15.

Klúbbþingið var undirbúið, skipulagt og stjórnað af „Klúbbnefnd“ Rótarýklúbbs Selfoss 2024-2025, en í nefndinni sátu: Sigurður Þór Sigurðsson formaður, Björn Bjarndal Jónsson, Helgi Sigurðsson og Björgvin Örn Eggertsson, meðstjórnendur.

Auk þeirra sátu þeir Ragnar Viðarsson forseti klúbbsins og Magnús Hlynur Hreiðarsson viðtakandi forseti, einstaka undirbúningsfundi nefndarinnar.

Á klúbbþingið voru mættir voru 18 félagar og var þeim skipt niður á þrjú borð, merkt A, B og C. Hópstjórnarnir drógu síðan um borð til að stjórna umræðum á viðkomandi borði.

Borð A – hópstjóri Björgvin Örn Eggertsson

Með honum á borði voru: **Ásta Stefánsdóttir, Ástfríður Margrét Sigurðardóttir, Christine Gísladóttir, Ingimundur Sigurmundsson og Sigurjón Ragnar Viðarsson.**

Umfjöllunarefnin voru:

1. Handbók Rótarýklúbbs Selfoss
 - a. Rýni og tillögur um endurbætur á handbókinni, ef ástæða þykir til
 - b. Önnur tilfallandi mál
1. **Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi rýni handbókar:**
 - a. Handbók verður uppfærð á starfsárinu m.a. í samræmi við niðurstöður klúbbþings og lögð fyrir klúbbinn til staðfestingar.
2. **Önnur mál:**
 - a. Fráfarandi forseti stjórnar fundum í fjarveru forseta.
 - b. Fundargerðir skulu vera stuttar og hnitmiðaðri.
 - c. Nýir félagar fari sem fyrst inn í stjórn og byrji að fara öll embættin, til að kynnast starfinu og félögum.
 - d. Ferða og skemmtinefnd hafi 6-9mán aðdraganda ef farið er erlendis.
 - e. Makar eru velkomnir á alla fundi og alla viðburði á vegum klúbbsins sem þau hafa áhuga á að taka þátt í.
 - f. Fundarboð berist í tölvupósti á sunnudegi.
 - g. Félagar afboði sig í síðasta lagi á mánudagskvöldi.
 - h. 3. mín erindi verði einungis haldin á klúbbfundum.
 - i. Heimsóknir í fyrirtæki. Mæting kl 18:30, fundur/heimsókn sett(ur) kl 18:45.
 - j. Klúbbþing verði haldið á þriðjudegi 2.-3. hvert ár. Í höndum klúbbnefndar og stjórnar að ákveða þörf og tímasetningu hverju sinni, nota klúbbfundi betur.
 - k. Afgangi af rekstri klúbbsins verði beint í nærumhverfið.



Borð B – Hópstjóri Björn Bjarnald Jónsson

Með honum á borði voru: **Ástríður Grímsdóttir, Benóný Jónsson, Bryndís Brynjólfssdóttir, Guðmundur Pétur Guðgeirsson og Magnýs Hlynur Hreiðarsson.**

Umfiðllunarefnin voru:

1. Bragur almennra funda
2. Bragur klúbbfunda
3. Kynning á klúbbnum útávið
4. Önnur mál

1. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi brag almennra funda:

- a) Fundarsetning verði kl. 19:00. Forseti gengur í salinn klukkan 18:55 og félagar og gestir fylgja á eftir. Slegin bjalla. *Gott kvöld. Fundur er settur í Rótarýklúbbi Selfoss. Þetta er x. fundur á starfsárinu og nr. xxx. frá stofnun klúbbsins.*
- b) Gestur: Forseti kynnir gesti ef einhverjir eru og segir: *Við bjóðum gestinn/gestina velkomna á hefðbundinn hátt.* Er þá klappað fyrir gestinum/gestunum.
- c) Mæting og fundargerð; Ritari gerir grein fyrir mætingu (fjölda og prósentu). Ritari les upp stutt ágríp úr fundargerð síðasta fundar sem er birt í heild á vefsíðu klúbbsins.
- d) Tilkygningar: Ef efni standa til s.s. tilkygning frá stjórn
- e) Kvöldmatur: Forseti býður fundarmönnum að gjöra svo vel að borða. Hefð er fyrir því að borð gests/gesta byrji fyrst. Ef gestir eru á fleiri en einu borði skal sá sem er með erindi á fundinum hafa forgang. Stjórnarborð er jafnan síðast að [hlað-] borðinu.
- f) Fundarefni dagsins kl.19:25 til 19:55: Fundurinn er í umsjón tiltekinnar nefndar. Leitast við að fá fyrirlesara í málefnum sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Forseti biður þann nefndarmann sem situr með fyrirlesaranum og/eða hefur boðið honum á fundinn að kynna hann. Reiknað er með að erindið hefjist ekki seinna en kl. 19.30 og sé um 20 mínútur. Forseti stjórnar spurningum og umræðum.
- g) Fundarlok: kl.19:55 til 20:00: Sagt frá næsta fundi og hver verði fyrirlesari. Gestum þakkað fyrir komuna. Félagar fara með fjórprófið. Fundi slitið. Slegin bjalla.

2. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi brag klúbbfunda:

- a) Sjá liði a) b) og c) á brag almennra funda.
- b) Afmæli og merkisviðburðir. Forseti les upp nöfn þeirra sem átt hafa afmæli frá síðasta fundi
- c) Kvöldmatur - sjá lið e á almennum fundum
- d) 3ja mínútna erindi: Félagi klúbbsins flytur erindi í 3 mínútur. Efni að eigin vali eða innan þess þema sem stjórn ákveður. Gjarnan má nota tímaglas sem er í eigu klúbbsins til að mæla tímann. Kynnt hvaða félagi verður með 3ja mín erindi eftir mánuð.
- e) Félagsmál og tilkygningar:
 - a. Tilkygningar frá stjórn



- b. Félagar kveða sér hljóðs um málefni klúbbsins, eða annað sem þeir vilja koma á framfæri og á erindi til klúbbfélaga.
- f) Valkvætt á klúbbfundum: Nýir félagar flytja starfsgreinaerindi, eða eldri félagar segja frá sínum störfum. Þarf að vera undirbúið. Eldri félagar alla jöfnu á 5 eða 10 ára fresti.
- g) Fundarlok – sjá lið g) á almennum fundum

3. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi kynningar á klúbbnum útávið:

- a) Kynningarefni um klúbbinn þarf að vera til taks bæði útprentað, sem á tölvutæku formi.
- b) Skrifa stutta kynningu sem lesinn er um leið og fundur er settur þegar klúbburinn fer í heimsóknir í fyrirtæki. Kynningarefni skilið eftir í einhverju upplagi hjá gestgjafanum.
- c) Ef þurfa þykir er haldinn fundur/málþing/ráðstefna um eitthvað mál sem brennur á samborgurum. Vanda skal til fundarins þar sem fenginn er öflugur fyrirlesari/fyrirlesarar. Fundurinn er opinn fyrir almenning og er boðaður í fjölmiðlum. Stutt kynningarefni um Rótarý liggur frammi á fundinum og heldur forseti örkynningu á Rótarýklúbbi Selfoss um leið og hann bíður gesti velkomna. Mætti tengja þennan viðburð við Rótarýdaginn. Vera með markhópin 30+
- d) Hvetja skal til heimsókna í aðra klúbba.
- e) Leggja áherslu á samfélagsmiðla í klúbbstarfi

4. Niðurstöður, umræður og tillögur borðsins varðandi önnur mál:

- a) Mætti ekki koma upp nýjum hefðum í klúbbnum?, s.s.:
 - a. Skoða vel! Félagar fá að segja frá á klúbbfundi einstökum atburði sem þeir hafa upplifað. Getur verið lífsbjörg, fæðing barns, eða hvað annað sem er einstakt hjá viðkomandi rótarýfélagi. Viðkomandi félagi fær um leið gott tækifæri til að leggja klúbbnum til styrktar peningafjárhæð sem þakklætisvott. Ekki yrðu getið um fjárhæð hverju sinni heldur lætur viðkomandi félagi ganga lokað umslag til gjaldkera klúbbsins með styrkfjárhæðinni. Með þessu yrði til lítill sjóður til að styrkja sérstök og góð málefni í nær samfélaginu.
 - b. Koma upp þeirri hefð að sá rótarýfélagi sem á bestu mætingu sé getið á stjórnarskiptafundi.
- b) Rótarýklúbbur Selfoss taki að sér umhirðu í Efri-Laugarðælaeyju eftir að brúin er risin. Eða annað passlega stórt verkefni í umhirðu lands sem einhver vill greiða okkur fyrir.
- c) Nefndarmaður kynnir fyrirlesara (ekki víst að allir þekki viðkomandi). Tímamörk fyrirlestrar séu skýr. Forseti gefi merki um að tíma mörk séu liðinn með því að standa upp klukkan 19.55.
- d) Nota klúbbfund til að geta um andlát félaga og eða maka þannig að allir félagar séu upplýstir. Jafnvel spurning hvort þetta ætti að koma í fundarborði svo allir fái sömu upplýsingar.



- e) Svo til minnis að skoða stöðuna á fánum og merkum klúbbsins og af hvaða tilefni við afhendum slíkt.
- f) Rætt um mikilvægi á fundum s.s. að halda í festu, hefðir, skemmtun og vináttu.

Borð C – hópstjóri Sigurður Þór Sigurðsson

Með honum á borði voru: **Bjarni Pálsson, Guðmundur Karl Guðjónsson, Agnar Pétursson, Garðar Eiríksson og Þorvarður Hjaltason.**

Umfjöllunarefnin voru:

1. Meðferð fundargerða
2. Meðferð fjármuna klúbbsins
3. Fundarefni – heimsóknir
4. Samfélagsverkefni
5. Önnur tilfallandi mál

1. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi meðferð fundargerða:

- a) Fundargerðir verði sendar út í tölvupósti sem fyrst eftir hvern fund og félögum gefinn kostur á athugasemdum.
- b) Lesið verð „helstið“ úr fundargerð síðasta fundar á næsta fundi. 1-3 mínútur.
 - a. hvenær og hvar fundur var haldinn
 - b. fjöldi mættra og hlutfall
 - c. gestur/fyrirlesari ef svo hefur verið
 - d. helstu efnistösk fundarefnis
- c) Fundargerðir verði settar inn og aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins.
- d) Fundargerðarformið verði „staðlað“ form, þar sem gert er ráð fyrir framangreindum efnistöskum og upplýsingum.

2. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi meðferð fjármuna klúbbsins

- a. Gerð verði reglulega grein fyrir fjárhagsstöðu klúbbsins [á klúbbfundum]:
 - i. í upphafi starfsárs og þá lögð fram fjárhagsáætlun
 - ii. um mitt starfsár
 - iii. á lokafundi
- b. Tillögur um ráðstöfun fjármuna úr sjóðum klúbbsins [utan reglulegra gjalda], verði kynntar vel og rökstuddar með góðum fyrirvara, td. í tölvupósti.
- c. Og bornar upp til samþykktar á næsta klúbbfundi eftir að tillaga hefur verið kynnt.
- d. Komast skal hjá því að leggja fram tillögu um fjárframlög og óska eftir samþykki hennar á sama fundi.
- e. **Kynna reglulega (á klúbbfundum) hvað mikið af fjármunum úr sjóðum klúbbsins „tapast“ vegna þess að félagar afboða sig ekki á fundi og greiða þurfi mat fyrir þá.**
- f. Formfesta með hvaða hætti, hvort og hvað mikið eigi að greiða niður ferðir (s.s. erlendis) til klúbbfélaga.
- g. Formfesta þau styrkjaverkefni sem klúbburinn hyggst standa að.



3. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi fundarefni og heimsóknir

- Lögð verð rík áhersla á það við viðkomandi nefndir, að erindi á fundum sé metnaðarfull og áhugaverð í sem víðustum skilningi.
- Nefndir verði hvattar til að horfa má meira innávið, þ.e. hvað og hvort félagar hafi ekki frá áhugaverðum hlutum að segja, s.s. frá ferðalögum, verkefnum ofl.
- Fundarefni verð kynnt bæði á fundum svo og í tölvupóstum með góðum fyrirvara, og ekki síðar en á klúbbfundi í upphafi hvers mánaðar liggi fundarefni mánaðarins fyrir.
- Miða skal við að farið verði í heimsóknir a.m.k. fjórum- til sex sinnum á hverju starfsári og lögð áhersla á það til viðkomandi nefnda að skipuleggja heimsóknir (sem er mikilvægur þáttur í fjáröflun klúbbsins)
- 3ja mínútna erindi verði tekin upp aftur og þau þá einungis flutt á „klúbbfundum“.

4. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi samfélagsverkefni klúbbsins

- Núverandi samfélagsverkefni klúbbsins eru:
 - Gróðursetning/tiltekt – plokk
 - Jólatrésgjöf til VISS – vinnustofu
 - Stuðningur við tónlistarskólann

Borðfélagar voru sammála um það að **ekki** væri þörf á fleiri samfélagsverkefnum, en gera megí meira úr þessum verkefnum sem við erum í og vekja meiri athygli á þeim útávið.

5. Niðurstöður og tillögur borðsins varðandi önnur mál

- Hvetja til hæfilegrar „formfestu“ s.s. að gæta að:
 - Hófsemi í orðavali almennt.
 - Að ákveðinn virðuleiki sé viðhafður í ávörpum s.s.: *forseti góðir félagar*
 - Að klæðaburður sé við hæfi.
 - Að „mentor“ fylgi nýjum félaga allt fyrsta starfsárið og td. hringi í hann öðru hvoru til að taka stöðuna á líðan viðkomandi í klúbbum.